

Reykjavík, 17.3.2023

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til 2025. Mál nr. 50/2023

Umsagnaraðili: Faghópur um iðjuþjálfun aldraðra

Við hjá Faghópi um iðjuþjálfun aldraðra fögnum þessari þingsályktunartillögu og hennar markmiðum. Tillagan inniheldur fjölmörg atriði en við viljum gera athugasemd við þau markmið og aðgerðir sem snúast að heilbrigðisvísindum.

1. Aðgerðir sem styðja markmið í háskóla- og vísindastarfi.

1.2. Fjölgun nemenda í heilbrigðisvísindum til að mæta hraðri öldrun þjóðarinnar
Nemendum í (1) læknisfræði, (2) hjúkrunarfræði, (3) sjúkraþjálfun, (4) félagsráðgjöf, (5) sálfræði, (6) talmeinafræði og (7) ljósmæðranámi verði fjölgað verulega en m.a. verði byggðar upp færniúðir til að liðka fyrir sókn á þessu sviði. Ný kennsluaðstaða og kennsluaðferðir nútímavæði jafnframt endur- og símenntun starfsfólks í heilbrigðisvísindum m.a. til að liðka fyrir nýsköpun og innleiðingu tækni og nýrra starfshátta svo að hægt sé að draga verulega úr þeirri miklu kostnaðaraukningu sem fyrirsjáanleg í heilbrigðiskerfinu að öllu óbreyttu.

Við gerum athugasemd við það að nemendur og nám í iðjuþjálfun séu þarna ekki á blaði.

Það er ljóst að öldrun þjóðarinnar er áskorun fyrir heilbrigðiskerfið. Það er okkar mat að iðjuþjálfar hafi mikilvægu hlutverki að gegna í því verkefni að mæta hraðri öldrun þjóðarinnar. Þjónusta iðjuþjálfara eflir og viðheldur færni fólks við iðju sem er því mikilvæg. Iðjuþjálfar í öldrunarþjónustu styðja aldraða til sjálfstæðis og sjálfræðis, efla færni og sjálfsbjargargetu þeirra bæði í heimahúsum og á stofnunum. Iðjuþjálfar aðlaga umhverfi og útvega hjálpartæki.

Við viljum vera hluti af ykkar framtíðarsýn og teljum að það þurfi að endurskoða þennan hluta þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd faghóps um iðjuþjálfun aldraðra,

Fjóla Baldursdóttir aðstoðardeildarstjóri Iðjuþjálfunar og félagsstarfs, Hrafnista Laugarás
Guðrún Hildur Einarsdóttir yfiriðjuþjálfari, Sóltún hjúkrunarheimili
Arndís Jóna Guðmundsdóttir iðjuþjálfari á Landakoti, Landspítali háskólasjúkrahús
Aðalheiður Þorsteinsdóttir aðstoðardeildarstjóri Iðjuþjálfunar, Hrafnista Sléttuvegi hjúkrunarheimili